# Bæjarreikningur með athugasemdum & svörum 1874-1888

Aðfnr. 317, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Athugasemdir

við

Reikning yfir tekjur og útgjöld

Reykjavíkurkaupstaðar

fyrir árið 1876.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 grein

Specificeradan Lista yfir Afgjaldið af mó má líklega fá hjá Olafi Gudlaugssyni fyrir Árin 1875–1876 og getur hann þá fylgt með reikningnum fyrir 1877 sem Vidlag. —

2 Grein

Hvað viðvíkur reikningshalla þeim, sem hér er talað um B 2 a verður fjárhagsnefndin, ef hún álítur ómaksins vert að láta mig fá útborgunar skipun til hinna nefndu herra, uppá 3 Aura til hvers fyrir sig, en hvað snertir mismuninn í B 2 b verð eg að álíta hann mér óviðkomandi —

3 Grein

Af hinum útistandandi sektum sem talað er hérum í B. 3. að upphæð 79 krónur hefur ekkert verið borgað á þessu ári, en eg hefi þó móttekið í Ár frá Theodor Halvarsyni 18 Juli 20 Kr og frá Halldor Sigurdsson 27 Juli 1 Krónu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. grein.

Við A, 2, b (mótoll) athugast, að enn í ár vantar skýrslu frá mótollinum, er við sem endurskoðunarmenn heimtuðum ífyrra, og bæjarstjórnin úrskurðaði, að Ólafur Guðlögsson ætti að gefa, og að fylgja skyldi reikningum bæjarins. Í stað skýrslunnar fylgir að eins bréf bæjarfógeta til gjaldkera bæjarins, um að hann skuli taka til inntekta í bæjarsjóðinn þær 150 kr, sem Ólafur Guðlögsson hefir borgað inn af mótollinum, er alls eigi að vera fyrir árið 1875 . . . . . . . 164 kr. 51

Frá þessu ári eru enn óborgaður mótollur 4 kr. 80

og fyrir árið 1876 segir reikningshaldari að ogreiddur sé mótollur . . . . 23 - 37 a

en hvort það er rétt, verður ekkert um sagt af því engin skilagrein er komin frá Ólafi Guðlögssyni.

2. grein.

— B. 2, a (fasteignartíund) athugast, að á skýrslu um fasteignartíund í Reykjavík fardagaárið 1875–76 Fylgiskjali № 19 finnst hvorki tilfært Thomsens tún, metið 10,39 C^r né Lillabæjarblettur metinn 0,34 C^r, en af hvaða ástæðu er okkur ekki kunnugt. Ennfremur er á sama lista fasteignartíund bakara Bernhöfts útfærð með . . . . . . . . . . 1 kr. 43

í stað þess að hún á að vera . . . . 1 - 40

mismunur 3 aurar.

Sömuleiðis Dr Hjaltalíns útfærð með 1 - 43

þarsem hún á að vera . . . 1 - 40

mismunur 3 aurar,

er virðist að beri að endurgjalda þeim.

— B. 2 b. Í útreikningi lausafjártíundarinnar ~~er~~ ekki ætíð fylgt sömu reglu. Þannig er tíund Hinriks Gíslasonar í Grænuborg af 5/6 C^r reiknuð sem hún væri af heilu hundraði og útfærð með . . . . . . . . . . 1,08 aur.

Aptur á móti er tíund af 5/6 C^r hjá Bjarna Matthiesen, nákvæmlega reiknuð, aðeins útfærð með 0,90 aurar, og þessari síðustu reikningsaðferð er víðast fylgt, en annaðhvort virðist eiga að reikna eptir brotunum allstaðar nákvæmlega, eða hækka þau öll upp í hálfan eða heilan eptir því sem á stendur.

3. grein

— B, 3. Af fylgiskjali № 21 sést, að á árinu 1876 hafa átt að renna í sjóð bæjarins sektir að upphæð 89 krónur, en ekki náðst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 4 Grein

Árið 1874 fékk eg frá bæjarfogetanum lista yfir hunda=
=skattinn fyrir 1873-74 að upphæð 21rd eða 42 krónur með þeirri
skipun að taka þessa upphæð til inntektar í reikningnum
fyrir 1874 og aptur að fæ~~ra~~ hana til útgiptar ~~í sjóði~~
fátækravel~~ferðar~~sjóðnum fyrir hið sama ár, sem og einnig
má sjá af reikningi nefndi Árs. — En nú þetta ár
6ta October fékk eg Lista yfir það sem mögulegt væri
að innkrefja og vóru það 44 kr hvaraf 22 kr tilfalla
fátækrasjóðnum — og munar þannig 20 kr. — Af hinum
umtöluðu 22 kr fékk eg árið 1875 16 kr borgaðar og nú
í Ár 6 October hinar eptirstandandi 6 kr. Þannig er hunda
skatturinn upprunalega reiknaður:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1874 | | | 42 krónur |
| þaraf borgað | 1875 | 16 kr | |
| " " | 1877 | 6 " | |
| ofmikið reiknað sem fellur burtu | | 20 " | |
| | | 42 krónur | |

Fyrir fardagaárið 1874,75 er borgaðar til fátækrasjóðsins
18 kr; meir var ekki hægt að fá og af hundaskatti fyrir
1877 er borgaðar 4 krónur. —

## 5 Grein

Í Ár 1877 er borgað fyrir eptirlátna muni fátækra=
=lima: Apr 14, eptir Olaf Olafsson fagra 18 kr 86 aur
" 23 " Sigríði Jónsdóttir — 8 " 41 "
" " " Herdísi Jónsdóttir 23 " 78 "

## 6 Grein

Eg hafi ekkert hervið að athuga ~~meir~~ nema það,
Að þegar fjárhagsnefndin sendir mjer útborgunar Skipun,
þá borga eg til Jon Olafsson: Steinbogi 8 kr 56 Aur
og til Sigurður Þórðarsonar . . . . 3 kr "

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn nema einar 10 Krónur. – Að svo miklu leyti sem sektir þessar eru ekki þegar greiddar, eða verða ófáanlegar, virðist það vera á ábyrgð viðkomenda.

4. grein.

Við B. 4. Stýrra gjörðum við þá athugasemd við þenna tekjupóst; að árið 1874 hefði átt að renna í bæjarsjóð 42 krónur sem hundaskattur, en að einungis hefðu komið inn 16 Kr., og að árið 1875 hefði alls enginn hundaskattur verið borgaður í bæjarsjóð, né heldur tilgreint hver hann ætti að vera. Af síðasta árs reikningi (: 1876) sést, að hvorki er borgað í bæjarsjóð það er á brast 1874 og 1875, né heldur nein skilagrein gjörð eða innborguð nein upphæð sem hundaskattur fyrir árið 1876.

5. grein.

— B, 5. Við þenna tekjulið skal þess getið til athugunar, að ekkert hefir á ári þessu komið inn fyrir selda muni sveitarómaga.

6. grein

Við að gegnumganga hina einstöku reikninga til bæjarsjóðsins höfum við fundið þessar reikningsskekkjur, sem ýmist eru bæjarsjóðnum í hag eður óhag; okkur virðist að ávísunarnefndinni beri að gæta þess, að slíkar skekkjur komi eigi optar fyrir.

Fylgiskjal No 102; Reikningur Jóns Olafsson heyrandi undir útgjöld II, 4.

| | | | | | Bæjarsjóði í hag | Bæjarsj. í óhag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Magnús Lýðsson | 10¼ dag | á 1 kr 50 | gjörir 15,38 | reiknað 15,87 | . 49 aurar | |
| Einar Bjarnason | 5½ | – á 1,50 | — 8,25 | — 6,25 . . . | | 2 Kr. |
| Finnbogi í Traðarkoti | 8½ | – á 1,33 | — 11,31 | — 12,66 . . . | 1 Kr 35 aurar | |
| Gisser Guðmundsson | 10 | – á 1,33 | — 13,30 | — 13,33 . . . | : 3 – | |
| Sigurður í Hólakoti | 5 | – á 1,33 | — 6,65 | — 6,66 . . . | „ 1 – | |
| Eyjólfur Pálsson . . | 7¾ | – á 1,33 | — 10,31 | — 10,33 . . . | „ 2 – | |
| Jón Ingimundsson | 5¾ | – á 1,33 | — 7,65 | — 7,66 . . . | . 1 – | |
| Tómás Þjetursson | 11 | — á 1,33 | — 14,63 | — 14,66 . . . | „ 3 – | |
| Einar í Skólabæ | 7 | — á 1,33 | — 9,31 | — 9,33 . . . | „ 2 – | |
| Stefán í Kastlhúsum | 3¼ | — á 1,33 | — 4,32 | — 4,33 . . . | „ 1 – | |
| Teitur í Skakk | 9¼ | – á 1,33 | — 12,30 | — 12,33 . . . | „ 3 – | |
| Þorkell í Hakonabæ | 3 | – á 1,33 | — 3,99 | — 4,00 . . . | „ 1 – | |
| Jón Olafsson | 12½ | – á 1,66 | — 20,75 | — 16,83 . . . | | 3 – 92 aurar |
| Kristján á Vegamótum | 3 | – á 1,33 | — 3,99 | — 4,00 . . . | „ – 1 – | |

Fylgiskjal No 104; Reikningr Jóns Olafssonar (Útgj. II, 4.)

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður í Hólakoti 4 dagar á 1,33 gjörir 5,32 reiknað 5,33 | „ 1 – | |
| Flyt = | 2 Kr 3 a | 5 Kr. 92 a |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | | Bæjarsjóði í hag | Bæjarsjóði í óhag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | flutt | 2 Kr 3 aur | 5 Kr 92 aur |
| Jón Ólafsson | 4 dagar | á 1,66 | gjörir 6,64 | reiknað 6,66 . . . | 2 – | |
| Guðmundur Guðmsson | 4 – | á 1,33 | – 5,32 | – 5,33 . . . | 1 – | |
| Jón Ingimundsson | 3 – | á 1,33 | – 3,99 | – 4,00 . . . | 1 – | |
| Kristján á Vegamótum | 2¼ – | á 1,33 | – 2,99 | – 3,00 . . . | 1 – | |
| **Fylgiskjal № 105; Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj II, 4)** | | | | | | |
| Einar í Skólabæ, | 3 dagar | á 1,33 | – 3,99 | – 4,00 . . . . | 1 – | |
| Gissur Guðmundsson | 3¼ – | á 1,33 | – 4,32 | – 4,33 . . . . | 1 – | |
| Finnbogi Hróbjartsson | 6 – | á 1,33 | – 7,98 | – 8,00 . . . . | 2 – | |
| Eyjólfur Pálsson | 4¼ – | á 1,33 | – 5,65 | – 5,66 . . . | 1 – | |
| Helgi Teitsson | 3¾ – | á 1,33 | – 4,99 | – 5,00 . . . | 1 – | |
| Sigurður í Hólakoti | 4 – | á 1,33 | – 5,32 | – 5,33 . . . | 1 – | |
| Teitur Teitsson | 3 – | á 1,33 | – 3,99 | – 4,00 . . . | 1 – | |
| Jón Ólafsson | 4 – | á 1,66 | – 6,64 | – 6,66 . . . | 2 – | |
| Sleði Einars Jafetssonar | 1¾ – | á 0,50 | – 0,88 | – 0,78 . . . | | . 10 – |
| 3 menn | 2½ tíma | á 0,17 | – 1,27 | – 1,26 . . . | | . 1 – |
| **Fylgiskjal № 109; Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj II, 4)** | | | | | | |
| Sigurður í Hólakoti | 6¼ dagar | á 1,33 | gjörir 8,31 | reiknað 8,33 . . | 2 – | |
| Einar í Skólabæ | 6 – | á 1,33 | – 7,98 | – 8,00 . . | 2 – | |
| Eyjólfur Pálsson | 6 – | á 1,33 | – 7,98 | – 8,00 . . | 2 – | |
| Teitur Teitsson | 3 – | á 1,33 | – 3,99 | – 4,00 . . | 1 – | |
| Jón Ingimundsson | 5 – | á 1,33 | – 6,65 | – 6,66 . | 1 – | |
| Gissur Guðmundsson | 3 – | á 1,33 | – 3,99 | – 4,00 . | 1 – | |
| Jón Ólafsson | 5 – | á 1,66 | – 8,30 | – 8,33 . | 3 – | |
| **Fylgiskjal № 110; Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj II, 4)** | | | | | | |
| Jón Ólafsson | 7 dagar | á 1,66 | gjörir 11,62 | reiknað 11,66 . | 4 – | |
| Eyjólfur Pálsson | 4½ – | á 1,33 | – 5,98 | – 6,00 . | 2 – | |
| Páll í Lyðsbæ | 4 – | á 1,33 | – 5,32 | – 5,33 . | 1 – | |
| Halldór í Litlagerði | 4 – | á 1,33 | – 5,32 | – 5,33 | 1 – | |
| Sigurður í Hólakoti | 3 – | á 1,33 | – 3,99 | – 4,00 . | 1 – | |
| **Fylgiskjal № 121 Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj II, 4)** | | | | | | |
| Þórður Þórðarson | 10¾ dagar | á 1,58 | gjörir 16,98 | reiknað 16,97 | | . – 1 |
| Gísli Guðmundsson | 10¾ – | á 1,58 | – 16,98 | – 16,97 | | . 1 |
| Þorkell í Hákonarbæ | 10¾ – | á 1,58 | – 16,98 | – 16,97 | | . 1 |
| Sigurður hjá Símoni Hafp. | 9¾ – | á 1,58 | – 15,40 | – 15,39 | | . 1 |
| Páll hjá Jóhannesi Olsen | 3¾ – | á 1,58 | – 5,92 | – 5,91 | | . 1 |
| Jón Valdby | 1¾ | á 1,58 | – 2,76 | – 2,75 | | . 1 |
| **Fylgiskjal № 124, Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj. II, 4)** | | | | | | |
| | | | | flyt | 2 Kr 39 a | 6 Kr. 9 a |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Bæjarsjóð. í hag | Bæjarsjóði í óhag |
|---|---|---|
| flutter | 2 Kr 39 a | 6 Kr. 9 a |
| Rett samanlagður er þessi reikningur 3 Kr 12 a reiknaður 3,22 . – | . 10 | |
| Fylgiskjal № 126 Reikningur Jóns Ólafssonar (útgjöld II. 5.) | | |
| Eyjólfur Pálsson 4½ dagur 1,33 gjörir 5,99 reiknað 6,00 . . | 1 | |
| Stefán Jóhannesson 6¼ í stað 5¼ : 1,33 gjörir 8,31 reiknað 7,00 | . | 1 – 31 |
| Finnbogi Hróbjartsson 4½ dagur : 1,33 – 5,99 – 6,00 | 1 | |
| Jón hjá Nikulási Jafetssyni 4¼ – : 1,33 – 5,65 – 5,33 | | . – 32 |
| Jón Ólafsson – 7½ – : 1,66 – 12,45 – 12,50 | 5 | |
| Sakarías í Bergi 3¾ – : 1,33 – 4,99 – 5,00 – | 1 | |
| ~~Fylgiskjal~~ | | |
| Fylgiskjal № 128 Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgjöld II, 5.) | | |
| Stefán Johannesson 10 dagar í 1,33 gjörir 13,30, reiknað 13,33 . . | 3 | |
| Sakarías Arnason 10 – . 1,33 – 13,30 – 13,33 | 3 | |
| Jón Ólafsson 6 – . 1,66 – 9,96 – 10,00 . . . | 4 | |
| Fylgiskjal № 130 Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj. II, 5.) | | |
| Stefán í Kasthúsum 5½ dagar í 1,33 gjörir 7,31 reiknað 7,33 | 2 | |
| Sakarías í Bergi 8½ – í 1,33 – 11,30 – 11,33 | 3 | |
| Sigurður í Hólakoti 3 – . 1,33 – 3,99 – 4,00 . . | 1 | |
| Geir Guðmundsson 4 – 1,33 – 5,32 – 5,33 | 1 | |
| Jón Ólafsson 4½ – : 1,66 – 7,47 – 7,50 | 3 | |
| Fylgiskjal № 131 Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj. II, 5) | | |
| Sigurður í Hólakoti 3¼ dagar í 1,33 gjörir 4,32 reiknað 4,33 . . | 1 | |
| Geir Guðmundsson 6 – í 1,33 – 7,98 – 8,00 . . | 2 | |
| Eyjólfur Pálsson 3 – . 1,33 – 3,99 – 4,00 | 1 | |
| Teitur Teitsson 6 – í 1,33 – 7,98 – 8,00 . . | 2 | |
| Einar í Skólabæ 4½ – í 1,33 – 5,99 – 6,00 | 1 | |
| Finnbogi í Traðarkoti 7 – í 1,33 – 9,31 – 9,33 | 2 | |
| Þorkell í Hákonarbæ 3 – í 1,33 – 3,99 – 4,00 | 1 | |
| Jón Ólafsson 6½ – . 1,66 – 10,79 – 10,83 . . | 4 | |
| Stefán í Vaktarabæ 4 – . 1,33 – 5,32 – 5,33 | 1 | |
| Þorsteinn Guðmundsson 5 – í 1,33 – 6,65 – 6,66 | 1 | |
| Fylgiskjal № 132 Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj. II, 5) | | |
| Eyjólfur Pálsson 4½ dagar í 1,33 gjörir 5,99 reiknað 6,00 | 1 | |
| Jón Ólafsson 9 – í 1,66 – 14,94 – 15,00 | 6 | |
| Fylgiskjal № 151 Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj II, 5) | | |
| Jón Runólfsson 5¾ dagar í 1,58 gjörir 9,08 reiknað 9,07 | | 1 |
| Johann Guðmundsson 3¾ – í 1,58 – 5,92 – 5,91 | | 1 |
| flyt | 3 Kr . . a | 7 Kr 74 a |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7 Grein

Eins og endurskodunarmennirnir geta um í útáretningunum við 9 Grein, er það villandi fyrir reikningshaldarann, að þeir fátækralimir sem eru settir á Listann III.1a, einnig fá ávísanir á III.1b.; þetta hefir einnig áður átt sjer stað. Þórður Asbjörnsson fátækralimur hjá Markúsi póstdreng á Þormóðsstöðum var á listanum III.1a fyrir Árið 1875 settur með föstu tillagi 34 kr, er jeg útborgaði, 13 October sama ár fékk jeg ávísun á III.1b. uppá 32 kr er eg einnig borgaði, þar sem eg ekki mundi, að hann stóð á III.1.a en tók fyrst eptir því seinna – Árið eptir 1876 var hann aptur settur sem fastur á III.1a er eg þá ekki útborgaði honum, en hélt tilbaka, þar sem hann hafði feingið of mikið árinu áður, þannig getur það átt sjer stað að Viðkomandi fá meira en þeim tilkemur, Auk þess getur reikningshaldarinn eigi vitað nema það sé Aukatillag, sem þeim þannig er ávísað á III.1b.

Hvað hér snertir hinar tvöföldu útborganir til Guðríðar Þorleifsdóttir 5 kr og til Sigríðar Bjarnadóttir 4 krónur kann það ef til vill að vera rangt og að þær ekki hafi feingið borgað nema einusinni, og skal eg því heldur taka þessar 9 krónur til inntektar fyrir fátækrasjóðinn í næsta reikningi hans–

8 Grein

Þær hér umtöluðu 200 krónum hefi eg borgað eptir ávísuninni og kemur mér það ekki við hverjum rúgur sá, hrísgrjón og bankabygg, er tekin hafa verið fyrir upphæð þessa, hafa verið úthlutað, og er það fremur fátækranefndarinnar en mín, að gefa hér að lútandi upplýsingar – ef hún annars álítur þess viðþurfa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Bæjarsjódi í hag: | Bæjarsjódi óhag: |
|---|---|---|
| fluttar | 3 Kr. .. | 7 Kr. 74 a |
| Fylgiskjal № 152 Reikningur Jóns Ólafssonar (Útgj. II,5) Jón Runólfsson 2½ dagur á 1,58 gjörir 3,95 reiknad 2,95 ... | | 1 — — |
| Fylgiskjal № 161 Reikningur Jóns Olafssonar (Útgj. II,6) Jón Olafsson 2 dagar á 1,66 gjörir 3,32 reiknad 3,33 | 1 | |
| Fylgiskjal № 168 Reikningur Jóns Olafssonar (Útgjöld II,6) Jón Olafsson 5¾ dagur á 2,50 gjörir 14,38 reiknad 11,50 | | 2 – 88 |
| Fylgiskjal № 189 Reikningur Jóns Olafssonar (Útgjöld II.8) ½ potts steinolíu per 15 aura og eitt lampaglas á 35 aura gjörir 50 aura reiknad 55 | 5 | |
| | 3 Kr 6 a | 11 Kr. 62 a |

Samkvæmt þessu virdist bæjarsjódur eiga ad endurborga Jóni Olafssyni mismuninn, sem er 8 Kr. 56 a.

| | | |
|---|---|---|
| Fylgiskjal № 118 Reikningur Sigurdar Þórdarsonar (Útgj. II,4) 7 menn í 12 tíma á 17 aura gjörir 14,28 reiknad 11,28 .. er virdast eiga ad endurborgast Sigurdi Þórdarsyni | | 3 — . |

7. grein

Vid III,1.a Af fylgiskjölunum 283 og 287 sést, ad Gudrídi Þorleifsdóttur hafa sama daginn verid útborgadar af O. P. Möller samkvæmt áætluninni 5 Kr. fyrir januarmánud og auk þessa adrar 5 krónur ávísadar af bæjarfógeta og H. Kr. Fridrikssyni einnig af áætlun III,1,a., svo ad hún hefir fengid fyrir Januar tvöfalda borgun, og er þad er henni var ætlad þannig yfirskridid med 5 Kr.
Sömuleidis hefir gjaldkeri bæjarins 5. Januar útborgad Sigrídi Bjarnadóttur úr Brunnum samkv. fylgiskjali 285 eptir áætlun III,1,a 4 krónur fyrir Januarmánud; en sama dag eru henni af fátækrastjórninni ávísadar 4 krónur af áætlun III,1,b. —
Af hvada ástædu þessar tvöföldu útborganir þegar í byrjun ársins séu gjördar, verdur eigi séd. —

8. grein

Vid III,1,b. Af fylgiskjali 292 sést, ad Fischers verzlun hefir verid borgad af fé því, sem ætlad var til þurfamanna, samkvæmt áætlun fyrir árid 1876, 200 Krónur fyrir rúg, hrísgrjón og Bankabygg. En þareð ekki verdur séd hver veitt hefir móttöku þessum matvörum, edur hvernig þeim hefir verid varid óskar endurskodunin skýrslu þar um.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9 Grein

Eg hefi í 7 Grein getið þess, er snertir þessa grein og held mér því til þess. —

10 Grein

III. 2. Eg hefi ekkert annað að athuga hérvið, en að eg hefi sett lán þetta á útgjalda grein þá, er það var ávísað á, og álít mig ekki eiga að svara til gjörninga fjárhagsnefndarinnar.

11 Grein

Hvað snertir útásetninguna á að útgjaldagrein þessi sé yfirskriðin með 3,689 kr 69 aura verð eg að halda mér til þess, er eg tók fram í 10 Grein. —
Í fjórðungsárs reikningum mínum er uppgefið hversu mikið er brúkað á sérhverri útgjaldagrein eins og einnig meðlimir bæarráðsins geta hvenær sem vill kynnt sér ástand hverrar útgjaldagreinar sem er. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 9. grein.

Við III, 1, b. Af fylgiskjali № 285 sést, að 7 fyrstu mánuði ársins hefir Sigríður Bjarnadóttir í Brennu fengið 4 krónur á mánuði af þeim 48 krónum, sem henni voru áætlaðar sem föstum ómaga eptir III, 1, a fyrir allt árið; en eptir þann tíma eru henni ávísaðar sem þurfamanni samtals 24 krónur af III, 1, b. Þarsem hún nú, eptir áætluninni, átti óútteknar 20 krónur sem fastur ómagi, verður eigi séð af hvaða ástæðu farið er að ávísa henni af annari útgjaldagrein. Þessi aðferð virðist stríða á móti fyrirætlun sjálfrar bæjarstjórnarinnar, og hlýtur að valda rugling bæði fyrir gjaldkeranum og endurskoðunarmönnunum; og í þessu tilfelli hefir af því leitt, að þessi ómagi hefir fengið 4 krónur fram yfir það, er henni var ætlað, auk þeirrar tvöföldu útborgunar í Janúarmánuði, sem getið er um í 7. grein. Þessi sama aðferð kemur optar fyrir svo sem með Mörtu Lárusdóttur og Pál Guðnason.

## 10. grein

Við III, 2 Af fylgiskjali № 524 sést að Sigurði Jónssyni í Móakoti er veitt 40 króna lán, hvorki sem þurfamanni, né móti endurgjaldi, heldur af þeirri útgjaldagrein, er nefnist „Önnur útgjöld fátækrasjóðsins“, og er sú útgjaldagrein því yfirskriðin með 37 kr. 91 eyri.

## 11. grein

Í eptirfylgjandi útgjaldagreinum hefir verið ávísað fremur en áætlunin leyfði:

1, Af útgjaldagrein II, 1, b (skrifstofuhald offl.) hefir verið ávísað 170 kr 29 aurum, að meðtöldum 2 kr. 99 aurum, sem ranglega er ávísað af III, 1, b . . . . . . . . . 170 kr. 29 a
áætlað = 100 – "
Yfirskriðið með 70 – 29

2. Af útgjaldagrein II, 1, c (til fangavarðar) ávísað 133 kr. 32 a
áætlað 88 – 34
Yfirskriðið með 44 kr. 98

3. Af útgjaldagrein II, 2, b (kostnaður við fangelsi og sakamál) ávísað 247 kr.
áætlað 200
Yfirskriðið með 47 kr

4. Af útgjaldagrein II, 2, c (önnur útgjöld) ávísað 15 kr
áætlað 10 –
Yfirskriðið með 5 kr.

5 Af útgjaldagrein II, 4, (til vegabóta aðgjörðar á strætum offl) ávísað 1573 kr 56
áætlað 700 – "
Yfirskriðið með 873 kr 56

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12 Grein

kemur eigi mér við heldur bæjarráðinu

13 Grein

Þar sem þess eigi var getað á nefndri ávísun að borga hana mánaðarlega, heldur þegar í stað, þá fann eg ekki ástæðu til að borga hana smátt og smátt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 6. Af útgjaldagrein II, 5. (til þrifnaðar og snjómoksturs | ávísað | 1,229 kr 54 a |
| | áætlað | 1000 – a |
| | Yfirskriðið með | 229 kr 54 a |
| 7. Af útgjaldagrein II, 6 (til vatnsbólanna) | ávísað | 527 – 44 a |
| | áætlað | 500 – a |
| | Yfirskriðið með | 27 kr 44 a |
| 8. Af útgjaldagrein II, 7. (slökkvitól og slökkvilið) | ávísað | 1,115 kr 25 a |
| | áætlað | 500 – a |
| | Yfirskriðið með | 615 kr 25 a |
| 9. Af útgjaldalið II, 11. (til áhalda aðgjörða etc) | ávísað | 63 kr 49 a |
| | áætlað | 50 – a |
| | Yfirskriðið með | 13 kr 49 a |
| 10. Af útgjaldalið III, 1, b og c (til þurfamanna og gegn endurgjaldi) | ávísað | 2849 kr 19 a |
| | áætlað | 1250 – a |
| | | 1599 kr 19 a |
| Hér frá gengur í rauninni (sjá II, 1, 6) | | 2 – 99 |
| | Yfirskriðið með | 1596 kr 20 a |
| 11. Af útgjaldagrein III, 1, d (greftrunarkostnaður ómaga) | ávísað | 199 kr 10 a |
| | áætlað | 100 – a |
| | Yfirskriðið með | 99 kr 10 a |
| 12. Af útgjaldagrein III, 1, e. (lögflutningur) | ávísað | 30 kr 49 a |
| | áætlað | 20 – a |
| | Yfirskriðið með | 10 kr 49 a |
| 13. Af útgjaldagrein III, 2 (ýmisleg útgjöld fátækrasj.) | ávísað | 77 kr 91 |
| | áætlað | 40 – a |
| | Yfirskriðið með | 37 kr 91 aurs |
| 14 Af útgjaldagrein V (Kostnaður í tilefni af komu konungs) | ávísað | 754 kr 44 a |
| | áætlað | 735 – a |
| | Yfirskriðið með | 19 kr 44 a |

Hefir þannig alls verið farið fram yfir áætlunina um 3689 kr 69 aura

12. grein

Af tekjulið A, 3, sést, að tekið hefir verið lán til þess að kaupa fyrir ljósker að upphæð 2000 krónur, og auk þessa áætlað 250 kr til ljósmatar og pössunar á luktunum; en af útgjaldagrein II, 8 verður séð að til þessa hvorstveggja hefir árið 1876 að eins verið varið 249 kr 79 a. Hvaða heimild bæjarstjórnin hafi haft til þess með lánsfé þessu að afnema að miklu leyti peningaþrot þau, sem hún ella mundi hafa komizt í samkvæmt því sem tekið er fram í næstu grein hér að framan, fáum við eigi séð.

13. grein

Af fylgiskjali № 371 verður séð að Bjarna nokkrum Jónssyni er ávísað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14 Grein

Hvað snertir fyrirspurn þessa, get eg ekki ~~annað~~ svarað henni, þar sem mér er þetta ókunnugt —

15 Grein

Þegar eg fæ skipun skal eg skrifa þetta út.

16 Grein

Útásetning sú, er hér er nefnd, er leiðrétt á þessu Ári — þar sem þetta er endurborgað 13 Septbr þ. á. með 64 krónum

17 Grein

Af eptirstöðvum þeim, sem hér eru nefndar, eptir listanum sem fylgir með, að upphæð 574 kr 94 aur — hefur Ragnhildur Pálsdóttir í Brennu borgað nú í Ár 1877. 6. October 20 krónur og annað er ekki borgað hingaðtil

18 Grein

Nokkuð af útistandandi bæjargjaldi frá fyrra Ár er borgað nú á þessu Ári, þó eigi nær því allt — Alls hefir verið borgað til dato 245 kr, eptir lok september mánaðar í fyrra sendi eg lista yfir það með útpöntunar skipun, en hefi þó til þessa fengið mjög lítið af því, og sumt það, sem útpantað var hrökk eigi til fyrir skuldinni, þegar selt var —
Hvað snertir ymsa þá menn er standa í skuld, þá hefir br. Gunnlaugsen borgað nú á þessu Ári 4. October gegnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og útborgað allt meðlagið með Einari Eyjólfssyni frá sept 1876 – sept. 1877 fyrirfram, án þess hann gefi ábyrgð fyrir endurborgun meðlagsins, ef svo kynni að að bera að þessi þurfamaður dói. –

14. grein

Af fylgiskjali № 472 má sjá, að konu Ivars pósts hafa verið ávísaðar 4 kr af útgjaldagrein III 1, b, 2 (gegn endurgjaldi). Hvaðan þessa endurgjalds sé von er okkur eigi ljóst.

15. grein

Í eptirstöðvum þessa reikninga eru taldir 75 aurar sem skuld Geirs dannebrogsmanns Zoëga til bæjarsjóðs. Er sú skuld þannig tilkomin, að hann hefir haldið aptur þessum 75 aurum af þeim 14 kr. 25 aurum, er honum með bréfi bæjarfógeta 6. Oktober 1876 (fylgiskjal № 581) var gjört að gjalda í stað þeirra 21 kr 56 aura, sem honum upphaflega var sett sem túnleiga 1875 af túnblettunum № 5 og 6 í Miðarhúsa landi. Nú höfum við aðgætt þetta, og virðist Geir hafa rétt fyrir sér að mestu; einungis er þessi túnleiga, 25 álnir, hver alin reiknuð á 53,9 eptir taxtanum fyrir fardagaárið 1875 – 1876 13 kr 48 aurar, sem dregið frá 14 kr 25 aurum, gjörir 77 aura; svo að svo virðist sem þessa skuldakrafa til Geirs beri að nema burtu úr eptirstöðvunum og honum að endurborga 2 aura. –

16. grein

Af fylgiskjali № 383 verður séð, að Ingimundur í Bakka hefir fengið með Jórunni Jónsdóttur 64 kr úr fátækrasjóði; en með því við ekki vitum betur, en að Jórun þessi eigi fé á vöxtum undir umsjón bæjarfógeta, virðist réttast, að hennar eigin fé sé fyrst varið henni til framfæris, áður en það er látið falla fátækrasjóðnum til byrði. –

17. grein.

Meðal eptirstöðva fátækrasjóðsins ráum við talin ógoldin lán 574 kr 94 a; þar við eigi gátum séð, hvernig á þeim stóð, fengum við hjá gjaldkera skuldalista þann, er við leyfum okkur að leggja hérmeð, og vantir endurskoðunin þess, að bæjarstjórnin gjöri allt sem unnt er til þess, að því af skuldum þessum, sem ekki er ófáanlegt, verði náð. –

18. grein.

Í eptirstöðvum bæjarsjóðsreikningsins eru tilfærð ólokin bæjargjöld fyrir 1876 = 1473 kr 34 aurar; með því nú að margt hvað af gjöldum þessum er inniistandandi hjá persónum, er virðast ætlu að geta borgað, svo sem bú Gunnlaugsens, Geir Zoëga, Egill Egilsson og fl., getur endurskoðunin ekki leitt hjá sér að vekja athygli bæjarstjórnarinnar á þessu, sem og á öðrum útistandandi skuldum til bæjarsjóðsins. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæarfógetann. — Geir Zoëga vill ekki borga af því hann álítur kröfuna ekki gylda, og hið sama er að segja um Egilsen er, hvaðst hafa skrifað fógetanum um það. —
Á nefndum lista eru sumar kröfur, er álíta má tapaðar og því þurfa að útskrifast. — Eg hefi og heyrt að ákveðið hafi verið að strika út þilskipaútveg Geirs Zoëga að upphæð 100 kr en eg hefi enn þá eigi fengið neitt skeyti um það; svo mun og vera um ymsa aðrar kröfur

19 Grein

Þetta viðkemur bæjarráðinu en ekki mér. —

Reykjavík þ. 20 October 1877

O. J. Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. grein

Við að ganga ígegnum hina einstöku reikninga, höfum við tekið eptir því, að á þessu ári hefir úr bæjarsjóðnum verið borgað til Jóns Ólafssonar og fleiri fyrir vagn- og sleða-leigu samtals 82 Kr. 11 aurar. Með því að þetta ekki er allítið fé, hefir okkur komið til hugar að ~~vekja~~ leiða athygli bæjarstjórnarinnar að því, hvort eigi mundi hagfelldara fyrir bæinn að eiga sjálfur slík áhöld. –

Reykjavík 11. dag septembermánaðar 1877.

H. Helgesen H. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur